



Innkaupa- og framkvæmdaráð

### 15893 - Sunnutorg – Samkeppnisviðræður. Langholtsvegi 70, Reykjavíkurborg

Auglýstur var samstarfssamningur (Private Public Partnership eða PPP), þar sem óskað var eftir samstarfsaðila til að gera upp húsnæðið gegn heimild til að hagnýta húsnæðið til allt að 25 ára. Allar breytingar, endurbætur og viðbætur á húsnæðinu eru á kostnað leigutaka og verða eign Reykjavíkurborgar við leigulok. Um slík útbod gilda viðmiðunarfjárhæðir verklegra framkvæmda.

Um er að ræða samkeppnisviðræður í samræmi við lög um opinber innkaup nr. 120/2016, útbodið var auglýst innanlands og á EES svæðinu.

Tilboð í ofangreindu útbodi voru opnuð þann 21. nóvember 2023. Eitt tilboð barst innan tilboðsfrests frá Viðvik ehf. en tilboðið var metið ógilt á grundvelli 1. mgr. 82. gr. laga nr. 120/2016 þar sem tilboð bjóðanda byggðist á því að kaupa eignina. Tilboðið var því ekki í samræmi við útbodsgögn þar sem óskað var eftir hugmyndum að starfsemi og endurbótum á húsnæðinu og var því hafnað á þeim forsendum.

Tvær tillögur bárust eftir að tilboðsfresti lauk, annars vegar frá Veraldarvinum, félagasamtökum og hins vegar frá Sunnusána.

Þar sem engin gild tilboð bárust innan tilboðsfrests var farið í samningskaup án undangenginnar útbodsauglýsingar í samræmi við a. lið 1. mgr. 39. gr. laga um opinber innkaup með heimild frá Innkaupaskrifstofu sbr. 5. mgr. 14. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar.

Kaupandi viðhóf samningskaupaviðræður við báða aðila. Í samræmi við útbodsgögn var skipuð þriggja manna matsnefnd en í matsnefndinni sátu fulltrúi frá Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar, formaður íbúðaráðs Laugardals og fulltrúi Eignaskrifstofu Reykjavíkurborgar. Var aðilum boðið að skila inn viðeigandi gögnum í samræmi við útbodsgögn og leggja fram kynningu fyrir matsnefnd.

Eignaskrifstofa ákvað á grundvelli niðurstöðu matsnefndar á fundi sínum þann 13. mars, 2024 að semja við Veraldarvini, félagasamtök sem átt hagkvæmasta tilboðið í samræmi við útbodsgögn að mati matsnefndar.

Við mat á tilboðum var litið til tilboðs leiguverðs og gæða í samræmi við skilmála útbodsgagna.

Þann 14. mars 2024 var þátttakendum send tilkynning þess efnis að Eignaskrifstofa hafi ákveðið að semja við Veraldarvini, félagasamtök sem að mati matsnefndar átti hagkvæmasta tilboðið í samræmi við útbodsgögn.



Reykjavíkurborg

Virðingarfyllst,

Óli Jón Hertervig  
Fjármála- og áhættustýring  
Eignaskrifstofa

Hjálagt: Opnunarfundargerð

Árið 2023, þann 21. nóvember kl. 10:00 voru tilboð opnuð í Borgartúni 12-14, Reykjavík, í útboði Eignaskrifstofu Reykjavíkurborgar nr. 15893 „Sunnutorg - Samkeppnisviðræður Langholtsvegi 70, Reykjavíkurborg“. Tilboð opnaði og fundargerð ritaði Unnur Óskarsdóttir.

Á tilboðsfresti voru sendir út tveir viðaukar.

Tilboð bárust frá eftirtöldum aðilum:

---

1 Viðvik ehf.

---

Skráning tilboða lokið kl. 10:05